

Borgarráð

Aðalstræti 10 - skipun starfshóps

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps sem skal vinna með Borgarsögusafni Reykjavíkur að gerð nýrrar sýningar í Aðalstræti 10 eru lögð fram til kynningar.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:
Erindisbréf starfshóps um gerð sýningar í Aðalstræti 10 - drög.

ERINDISBRÉF

Starfshópur um gerð sýningar í Aðalstræti 10

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Hlutverk: Að vinna með Borgarsögusafni Reykjavíkur að gerð nýrrar sýningar í Aðalstræti 10, með hliðsjón af samþykkt borgarráðs (7. september 2017, fundur nr. 5465) og minnisblaði sem henni fylgdi.

Tilgangur: Starfshópur mun í samráði við Borgarsögusafn móta stefnuna fyrir verkefnið í heild. Starfshópur mun hafa yfirsýn og horfa á meginlínur og markmið. Starfshópur mun marka rammann utan um sýningargerðina og vinnuna að henni, vinna að framgangi verkefnisins og vera til stuðnings fyrir Borgarsögusafn.

Starfshópin skipa:

Arna Schram, sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs (formaður)

Hrólfur Jónsson, skrifstofustjóri skrifstofu eigna og atvinnuþróunar

Stefán Eiríksson, borgarritari

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópur vinnur með safnstjóra og starfsfólki Borgarsögusafns að hugmyndavinnu og leitar hófanna hjá sérfræðingum eftir þörfum.

Starfstímabil:

Niðurstöðum starfshópsins skal skilað til MOF, SEA og skrifstofu borgarstjóra og borgarritara eigi síðar en í lok janúar 2018. Þar komi fram nánari útlistun á sýningunni og tengingu við nærumhverfið, einnig lýsing á vinnunni við sýninguna auk verk- og kostnaðaráætlun.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson,